



**HAFNARFJÖRÐUR**

Hafnarfirði 17. maí 2021  
Málsnr.: 2101553, 2102185

*Stjórnartíðindi B-deild  
Skuggasundi 3  
150 Reykjavík*

Óskað er eftir því að neðangreindar auglýsingar verði birtar í B- deild Stjórnartíðinda.

### **AUGLÝSING**

#### **um skipulagsmál í Hafnarfjarðarkaupstað**

*Breyting á deiliskipulagi iðnaðarsvæðis Drangahrauns og Skútahrauns, lóðarstækkun Hólshraun 9.*

Í samræmi við skipulagslög samþykkti bæjarstjórn Hafnarfjarðar á fundi sínum þann 3.2. 2021 breytt deiliskipulag iðnaðarsvæðis Drangahrauns og Skútahrauns vegna lóðarstækkunar að Hólshrauni 9.

Deiliskipulagsbreytingin hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög nr. 123/2010 mæla fyrir um og öðlast hún þegar gildi.

*Skarðshlíð 3. áfangi. Stuðlaskarð 8, 10 og 12.*

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulags- og byggingarráð Hafnarfjarðar á fundi sínum 4.5.2021 breytingu á deiliskipulagi Skarðshlíðar 3. áfanga. Breytingin nær til lóðanna við Stuðlaskarð 8-12.

Í breytingunni felst að: fyrirhuguð hús verða einnar hæðar með fjórum íbúðum. Heimilt verður að byggja stakstætt hús fyrir hjólageymslu innan byggingarreits. 5-6 bílastæði verða innan lóðar þar af eitt fyrir hreyfihamlaða. Bundin byggingarlína fellur niður. Að öðru leyti gilda skilmálar deiliskipulagsins

Deiliskipulagsbreytingin hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög nr. 123/2010 mæla fyrir um og öðlast hún þegar gildi.

Hafnarfirði 17. maí 2021.

F.h. skipulagsfulltrúa  
Gunnþóra Guðmundsdóttir arkitekt